

Nd. **469. Frumvarp til laga** [289. mál]

um Landmælingar Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

I. KAFLI

Skipulag Landmælinga Íslands.

1. gr.

Landmælingar Íslands er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir samgönguráðuneytið.

2. gr.

Stjórn Landmælinga Íslands skal vera í höndum forstjóra, sem ráðherra skipar til 5 ára í senn.

3. gr.

Ráðherra ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

4. gr.

Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð.

II. KAFLI

Verkefni.

5. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands er:

1. Framkvæmd eða umsjón með landfræðilegum og staðfræðilegum grundvallarmælingum til kortlagningar á Íslandi. Mælingar skulu gerðar í skipulögðu mælingakerfi.
2. Taka loftmynda vegna landmælinga, kortagerðar eða annarra tækni- og vísindalegra nota.
3. Útgáfa almennra korta af Íslandi. Með almennu korti er átt við kort sem er til sölu og dreifingar á almennum markaði.
4. Endurskoðun útgefinna korta Landmælinga Íslands, í þeim tilgangi að kortin sýni sem réttasta mynd af landinu.
5. Söfnun, varðveisla og skráning fjarkönnunargagna sem tengjast landmælingum, kortagerð og skyldum vísindagreinum.
6. Söfnun upplýsinga um örnefni og staðsetningu þeirra í samráði við Örnefnastofnun.
7. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

6. gr.

Ríkisstofnanir og stofnanir, sem vinna fyrir almannafé, skulu tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð meiri háttar mælinga- og kortagerðarverkefni og skila um þau áætlun.

7. gr.

Hverjum þeim aðila er lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti, þannig að gögn fáist, sem hafa gildi fyrir landmælingar eða vísindagreinar tengdar landmælingum, er skylt að skila til skráningar og geymslu frumgögnum eða fullkomnum afritum ásamt kortum og uppdráttum til Landmælinga Íslands í því formi sem ákveðið er með reglugerð.

8. gr.

Landmælingar Íslands veitir þeim aðilum sem þess þurfa upplýsingar og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar eftir reglum sem um það verða settar.

III. KAFLI

Verkefnaáætlun.

9. gr.

Landmælingar Íslands láta gera til fjögurra ára í senn, áætlun um verkefni stofnunarinnar. Skal áætlunin byggja á raunhæfum fjárhagsforsendum og skal framkvæmdum ræðað eftir forgangsröð.

Áætlun þessa skal endurskoða árlega, þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til fjögurra ára.

Landmælingar Íslands skulu senda samgönguráðuneytinu verkefnaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. Samgönguráðherra leggur verkefnaáætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga.

IV. KAFLI

Höfunda- og útgáfuréttur.

10. gr.

Höfundaréttur og útgáfuréttur Landmælinga Íslands á öllu því efni sem stofnunin hefir eignast, unnið eða gefið út í sambandi við kort eða ljósmyndir af Íslandi er ótímabundinn.

Enginn má án leyfis Landmælinga Íslands fjölfalda eða gefa út kort eða ljósmyndir sem byggjast að hluta til eða öllu leyti á efni sem Landmælingar Íslands eiga útgáfurétt á.

11. gr.

Landmælingar Íslands geta leyft afnot af gögnum stofnunarinnar til korta- eða ljósmyndaútgáfu.

Heimilt er að hafna umsókn um afnot af gögnum stofnunarinnar ef hún telur slíka útgáfu geta haft í för með sér tekjuskerðingu af eigin útgáfustarfsemi.

V. KAFLI

Fjármögnun.

12. gr.

Greiða skal sérstakt stimpilgjald af hverju korti sem gefið er út af landinu öllu eða einstökum hlutum þess og boðið er til sölu eða dreift án endurgjalds. Um fjárhæð stimpilgjaldsins skal ákveðið í gjaldskrá sem ráðherra setur.

Undanþegin greiðslu stimpilgjalds eru:

1. Kort sem gefin eru út eða unnin af eða fyrir ríkisstofnanir eða sveitarfélög.

2. Uppdrættir í dagblöðum, tímaritum eða bókum, sem fyrst og fremst er ætlað að vera til skýringar á rituðum texta.
3. Kort til notkunar í vísindalegum tilgangi eða til kennslu.
Gjöld samkvæmt 1. mgr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum samkvæmt 1. mgr. og 13. gr. þessara laga skal einungis varið til landmælinga og kortagerðar á vegum Landmælinga Íslands.

13. gr.

Gjald fyrir heimild til afnota af gögnum Landmælinga Íslands samkvæmt 11. gr. laga þessara skal ákveða í gjaldskrá, sem ráðherra setur.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. um skipunartíma forstjóra Landmælinga Íslands skal skipun núverandi forstjóra halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta ásamt greinargerð er samið af starfsmönnum samgönguráðuneytisins í samráði við forstöðumann Landmælinga Íslands og lögmann stofnunarinnar, Jónas Aðalsteinsson hrl.

Meginmarkmið frumvarpsins er að lögfesta starfsgrundvöll stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á störfum, skipulagi og verkefnum Landmælinga Íslands frá því sem nú er í reynd, en mikilvægt er fyrir stofnunina að fá tilveru sína og hlutverk staðfest með lögum.

Á 100. löggjafarþingi 1978 var lagt fram frumvarp til laga um landmælingar, en eftir umfjöllun samgöngunefndar efri deildar var því vísað til ríkisstjórnarinnar, þar sem í ljós kom „að aðilar, sem nefndin taldi hafa þekkingu á málinu voru mjög ósammála um frumvarpið“. Frumvarpið fjallaði aðeins lítillega um stofnunina Landmælingar Íslands, en fyrst og fremst um eignamælingar, merkjastefnur, merkjaskrár o. þ. h. Enn fremur var gert ráð fyrir landmælingastjórn, sem tryggja átti samstarf þeirra aðila, er að landmælingum og kortagerð vinna.

Þeir aðilar sem þetta frumvarp sömdu telja eignamælingar ekki innan verkahrings Landmælinga Íslands og er því ekki um þær fjallað í frumvarpinu.

Landmælingar Íslands urðu til sem sjálfstæð stofnun árið 1956. Fram til þess tíma höfðu Danir séð um allar mælingar og kortagerð af landinu, sem hófust upp úr aldamótum 1800. Aðalmælingastörfum Dana og kortagerð var lokið árið 1939. Eftir stríð var haldið áfram við kortagerðina á vegum Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn.

Með samningi Landmælinga Íslands við Geodætisk Institut 1. febrúar 1973 var höfunda- og útgáfuréttur Íslandskortanna formlega afhentur Landmælingum Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Skipulag Landmælinga Íslands.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um stjórnskipunarlega stöðu stofnunarinnar.

Um 2. gr.

Í samræmi við almenn viðhorf um endurnýjun í æðstu stöður hjá framkvæmdavaldinu er lagt til að forstjóri Landmælinga verði skipaður til 5 ára.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að skipun núverandi forstjóra haldi gildi sínu engu að síður.

Um 3. gr.

Er í samræmi við framkvæmd þessara mála hjá öðrum ríkisstofnunum.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir að hafa ákvæði um starfsháttu og skipulag, þ. m. t. deildaskiptingu, stofnunarinnar í reglugerð frekar en í lögum.

II. KAFLI

Verkefni.

Um 5. gr.

1. Umfangsmesta verkefni Landmælinga Íslands eru landfræðilegar og staðfræðilegar grundvallarmælingar til kortlagningar. Stofnunin annast þannig heildarþrihyrningamælingar, punktaákvæðanir með stjörnuathugunum, notkun gervitungla eða öðrum þeim aðferðum er henta þykir, útreikninga og útgáfu hnitaskráa. Hér undir fellur einnig heildarhallamæling landsins, merking fastra hæðarmerkja og útreikningar og útgáfa á listum yfir hæðarmerki.
2. Landmælingar Íslands hafa um árábil ljósmyndað landið úr lofti til kortlagningar og ýmissa rannsókna og eiga því tugi þúsunda af myndum frá ýmsum tímum. Er stofnunin eini aðilinn sem annast hefur töku loftljósmynda í þágu landmælinga- og kortagerðar og er því eðlilegt að það verkefni stofnunarinnar sé fest í lög.
3. Hér er lagt til að lögfest verði það verkefni Landmælinga að gefa út kort í tilteknum lágmarksmælikvarða.
4. Mikilvægt er að kortin sýni rétta mynd af landinu og einstökum hlutum þess eins og það er á hverjum tíma, og því rétt að hafa ákvæði um það verkefni stofnunarinnar að endurskoða útgefin kort.
5. Í umsögn Rannsóknaráðs ríkisins um eldra frumvarp til laga um landmælingar er sérstaklega lagt til að Landmælingum Íslands verði gert kleift að koma á fót fjarkönnunarstofu. Verksvið slíkrar stofu ætti m. a. að vera framleiðsla og vinnsla fjarkönnunargagna fyrir kortagerð og rannsóknarstörf; að fylgjast með framförum og kynna tækni á sviði fjarkönnunar; að varðveita og safna loftmyndum, teknum úr flugvélum og gervihnöttum og öðrum fjarkönnunargögnum innlendum og erlendum og að hafa aðstöðu fyrir notendur fjarkönnunargagna ásamt safni bóka og skýrslna um verk, sem unnin eru á þessu sviði og að geta leiðbeint öðrum.
6. Eðlilegt hlýtur að teljast að stofnun sem vinnur fyrir almannafé sé gert skylt að veita upplýsingar um starfsemi sína.
7. Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því að samræma sem mest störf þeirra sem vinna að landmælingum, sem kostaðar eru af almannafé.

Með því að þessir aðilar geri áætlanir um landmælinga- og kortagerðarverkefni fæst yfirsýn yfir það að hverju þarf að vinna og möguleikar skapast til að hagræða störfum og samræma þau. Með þessu er ekki verið að hafa áhrif á það hvaða aðilar vinna að framkvæmd landmælingaverkefna.

Áætlanir um sjómælingar og sjókortagerð falla ekki hér undir. Gerð og útgáfa sjókorta verður því áfram í höndum Sjómælinga Íslands. Jafnframt er og verður útgáfa flugkorta í höndum Flugmálastjórnar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands verði miðstöð allra mælinga í landinu, hvort sem þær eru framkvæmdar af einkaaðilum eða opinberum.

Mikilvægt er að öllum þeim gögnum sem til falla og hafa mælingalegt gildi sé safnað saman til skráningar og tryggrar varðveislu á einn stað. Slík skilaskylda mundi ná til allra aðila, erlendra sem innlendra, sem fást við mælingar, er gefa niðurstöður er hafa slíkt gildi.

Um 8. gr.

Eðlilegt er að stofnunin veiti öðrum aðilum upplýsingar og gögn úr safni sínu eftir reglum sem um það verða settar.

Þessi grein ásamt 7. gr. eru samhljóða 8. gr. eldra frumvarps.

III. KAFLI Verkefnaáætlun.

Um 9. gr.

Með tilliti til þess að landmælingar og kortagerð eru langtímaverkefni er eðlilegt að gera um það verkefnaáætlunir til lengri tíma. Mikið verk er fyrir höndum í grunnmælingakerfi landsins, svo og á öðrum sviðum mælinga- og kortagerðar.

Ákvæði þessarar greinar eru samin með hliðsjón af ákvæðum 9. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

IV. KAFLI Höfunda- og útgáfuréttur.

Um 10. gr.

Með samningi við Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn hinn 1. mars 1973 fengu Landmælingar Íslands öll gögn varðandi mælingar á Íslandi og einkarétt á notkun þeirra.

Landmælingar Íslands hafa stöðugt haldið áfram því verki sem Danir hófu, þ. e. grundvallarmælingum á landinu, ásamt endurskoðun kortanna og kortaútgáfu og loftmyndatöku af landinu vegna mælinga og kortagerðar.

Með tilliti til þessarar sérstöðu stofnunarinnar þykir eðlilegt að hafa höfunda- og útgáfurétt hennar ótímabundinn.

Um 11. gr.

Þar sem Landmælingar Íslands er opinber þjónustustofnun þykir rétt að almenningur og aðrar stofnanir geti átt aðgang að gögnum hennar.

Hins vegar hefur þeirri stefnu verið fylgt hjá Landmælingum Íslands að neita um leyfi til notkunar á gögnum stofnunarinnar ef viðkomandi útgáfa gæti skert tekjumöguleikana. Frumvarp þetta miðar að því að gera Landmælingar sem sjálfstæðasta fjárhagslega einingu og gæti óheft notkun á efni hennar skert tekjumöguleika stofnunarinnar verulega.

Samkvæmt þessari grein verður stofnunin að geta fært sönnur á verulega tekjuskerðingu, sem yrði samfara þeirri útgáfu sem um er rætt í greininni.

V. KAFLI

Fjármögnun.

Í þessum kafla er gert ráð fyrir tvenns konar gjaldi til að tryggja fjárhagsgrundvöll stofnunarinnar annars vegar stimpilgjaldi, sem lagt er á hvert prentað eintak, og hins vegar sérstöku gjaldi til Landmælinga Íslands fyrir afnot af kortagerðarefni sem stofnunin á höfunda- og útgáfurétt að.

Kortagerðarstefna í nágrannalöndum okkar er sú að styrkja kortagerðarstofnanir og gera þær sem sjálfstæðastar fjárhagslegar einingar sem geti látið í té þjónustu við almenning og opinberar stofnanir hverju sinni.

Hér er lagt til að sömu stefnu verði fylgt varðandi Landmælingar Íslands.

Um 12. gr.

Sambærilegt ákvæði er að finna t. d. í dönskum lögum, Lov nr. 29 af 18.2. 1929 om stempelafgift af topografiske kort. Í reglum settum samkvæmt þeim lögum er stimpilgjald ákveðin fjárhæð á hvern cm² af kortinu.

Um 13. gr.

Við ákvörðun á gjaldi fyrir heimild til afnota af gögnum Landmælinga koma ýmis sjónarmið til álita. Má þar m. a. nefna:

- Í hvaða tilgangi á að nota kortið, þ. e. a. s. er um að ræða kortagerð til fjárhagslegs ávinnings þess sem afnota af gögnum óskar eða ekki;
- Eðli kortsins;
- Stærð kortsins;
- Í hvaða mælikvarða;
- Í hve mörgum litum prenta á kortið;
- Stærð upplags (einingafjöldi);
- Að hvaða marki viðkomandi kort verði talin hafa áhrif á eftirspurn eftir öðrum kortum Landmælinga Íslands.

VI. KAFLI

Um 14. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Parfnast ekki skýringar.